

Gistiskýrslur 2004

Tourist Accommodation 2004

Samantekt Heildarfjöldi gistinátta var 2.133.630 árið 2004 sem er 7,5% aukning frá fyrra ári. Gistinóttum fjölgaði frá árinu 2003 á hótélum og gistiheimilum (7,3%), heimgististöðum (17,9%), svefnpokagististöðum (12,2%), á tjaldsvæðum (10,6%) og á farfuglaheimilum (6,9%). Gistinóttum fækkaði hins vegar í orlofshúsa- byggðum (-3,6%) og í skálum í óbyggðum (-2,1%).

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum. Aukningin var mest á Suðurnesjum (17,5%), Norðurlandi vestra (15,9%) og á Vesturlandi (11,1%). Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 7,8%, á Norðurlandi eystra um 7,3% og á Suðurlandi um 5,5%. Á Austurlandi nam fjölgunin 4,1% og á Vestfjörðum 4,0%.

Inngangur

Gistiskýrslur 2004 er tólfta rit Hagstofu Íslands um niðurstöður talningar á gistinóttum og gestakomum á glististöðum í landinu. Hagstofan hóf reglubundna söfnun upplýsinga um framboð á gistirými og fjölda gistinátta í júní 1984. Öflun gagna tekur til allrar seldrar gistiþjónustu, að orlofshúsum félagasamtaka undanskildum. Árið 1995 var byrjað að afla upplýsinga um gestafjölda auk gistinátta í því skyni að kanna meðallengd dvalar á glististað.

Upplýsingaöflunin Upplýsingaöflun Hagstofunnar fer þannig fram að glististöðum og öllum þeim sem selja gistiþjónustu eru send skýrslueyðublöð til útfyllingar, en á þau skal færa fjölda gesta og gistinátta sundurliðaðan eftir ríkisfangslandi. Löndin eru auk Íslands 14 Evrópulönd, þaðan sem flestir ferðamenn koma, Bandaríkin, Kanada og Japan. Aðrir gestir teljast aðrir Evrópubúar eða íbúar annarra landa. Gistiskýrslum ber að skila inn mánaðarlega og þá í upphafi hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

Áætlanir Árið 1996 var í fyrsta skipti, samkvæmt öruggum heimildum, hægt að áætla heildarfjölda gistinátta fyrir allar tegundir gistingar. Áætlun á fjölda gistinátta á glististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni glistiskýrslur er aðallega byggð á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótélum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum glististöðum, upplýsingum um fyrri ár ofl. Gistirými er þekkt á öllum glististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum, eðli málsins samkvæmt. Áætlun um gistingu á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við þá sem selja gistingu í félagsheimilum og skólum, ferðamála-fulltrúum, aðra starfsmenn sveitarfélaga og fleiri. Einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru til. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru, eins og áætlanir fyrir svefnpokagististaði, mest byggðar á samtölum við þá sem tengjast ferðaþjónustunni, en einnig er stuðst við eldri gögn ef þau eru til. Heimtur skýrslna hafa batnað á síðastliðnum árum, sem hefur leitt af sér nákvæmari gagnaúrvinnslu á



skemmri tíma. Þess má geta að einungis 4,8% heildarfjölda gistinátta árið 2004 var áætlaður.

- Heimtur* Skýrsluskil hafa verið góð frá öllum tegundum gististaða, en að undanskildum flokki hótela hefur þó þurft tímafrekan eftirrekstur. Eigendur nýrra gististaða eru þó greinilega vel upplýstir um mikilvægi gagnasöfnunarinnar því frá þeim hafa gistiskýrslur yfirleitt borist fljótt og vel.
- Trúnaður* Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og miðast töflugerðin við það að upplýsingar verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.

Niðurstöður

Hér á eftir fara helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands, settar fram í yfirlitstöflum og myndritum fyrir hvern flokk gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur, meðaldvalarlengd og nýtingu eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðernum gesta. Landinu er skipt í átta svæði: Höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland.

Töflurnar ná sumar hverjar aftur til ársins 2001 en ítarlegra talnaefni er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar <http://www.hagstofa.is>.

Heildarfjöldi gistinátta á öllum tegundum gististaða

Gistinóttum fjölgar um 7,5% Heildarfjöldi gistinátta var 2.133.630 árið 2004 sem er 7,5% aukning frá árinu 2003. Gistinætur Íslendinga voru 654.782 (7,8% aukning) og útlendinga 1.478.848 (7,4% aukning). Gestum af öllum þjóðernum hefur fjögað, að undanskildum Hollendingum, Kanadamönnum og gestum í flokknum „lönd áður ótalin“.

Gistinóttum fjölgar á öllum landsvæðum Heildarfjöldi gistinátta fjölgaði á öllum landsvæðum. Mesta aukningin var á Suðurnesjum, 17,5%, Norðurlandi vestra, 15,9% og á Vesturlandi, 11,1%. Á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði gistinóttum um 7,8%, á Norðurlandi eystra um 7,3% og á Suðurlandi um 5,5%. Á Austurlandi nam fjölgunin 4,1% og á Vestfjörðum 4,0% (sjá töflu 1).

Yfirlit 1. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2004


Summary 1. Number of overnight stays by type of accommodation 2004

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	2.133.630	654.782	1.478.848
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	830.518	77.987	752.531
Suðurnes <i>Southwest</i>	54.537	17.254	37.283
Vesturland <i>West</i>	153.070	78.799	74.271
Vestfirðir <i>Vestfjords</i>	70.041	49.891	20.150
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	80.009	41.510	38.499
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	335.076	148.139	186.937
Austurland <i>East</i>	205.831	69.125	136.706
Suðurland <i>South</i>	404.548	172.077	232.471

Gistinóttum fjölgaði á hótélum og gistiheimilum (7,3%), heimagististöðum (17,9%), svefnpokagististöðum (12,2%), á tjaldsvæðum (10,6%) og á farfuglaheimilum (6,9%). Gistinóttum fækkaði hins vegar í orlofshúsabyggðum (-3,6%) og í skálum í óbyggðum (-2,1%) (sjá töflu 2).

Mynd 1. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2004

Figure 1. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2004



Translation: see summary 1.

Yfirlit 2. Gistinætur á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2004

Summary 2. Overnight stays in all types of accommodation establishments by region 2004


	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Álls Total	2.133.630	654.782	1.478.848
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	830.518	77.987	752.531
Suðurnes <i>Southwest</i>	54.537	17.254	37.283
Vesturland <i>West</i>	153.070	78.799	74.271
Vestfirðir <i>Vestfjords</i>	70.041	49.891	20.150
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	80.009	41.510	38.499
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	335.076	148.139	186.937
Austurland <i>East</i>	205.831	69.125	136.706
Suðurland <i>South</i>	404.548	172.077	232.471

68,9% gesta dvelja á hótélum og gistiheimilum

Árið 2004 voru 69% gistinátta á hótélum og gistiheimilum og 18% á tjaldsvæðum. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt undanfarin ár. Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Greinilegur munur er á vali Íslendinga og útlendinga á gististöðum og áfangastöðum á ferðalögum. Til dæmis voru 49% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum árið 2004 en 78% gistinátta útlendinga. Hlutfall Íslendinga og útlendinga var nær hið sama milli árána 2003 og 2004 á öllum tegundum gististaða (sjá töflur 3 og 4).

Mynd 2. Hlutfallsleg skipting gistinátta eftir tegund gistaða og ríkisfangi gesta 2004

Figure 2. Percent distribution of overnight stays by type of accommodation and citizenship of guests 2004




Translation: see summary 1.

38,9% allra gistinátta eru á höfuðborgarsvæðinu

Árið 2004 voru tæp 40% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu líkt og árin á undan. Rúmlega helmingur gistinátta útlendinga var á höfuðborgarsvæðinu en töluverður munur er þó á vali áfangastaðar eftir ríkisfangi. Norðurlandabúar taka höfuðborgarsvæðið fram yfir landsbyggðina, en 73% gistinátta þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir Evrópubúar vorðu hins vegar aðeins 42% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu. Aðrar þjóðir vorðu 62% gistinátta sinna á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 5).

Mynd 3. Hlutfallsleg skipting gistinátta eftir landsvæði og ríkisfangi gesta 2004

Figure 3. Percent distribution of overnight stays by region and citizenship of guests 2004



Translation: see summary 2.

Meðaldvalarlengd

Íslendingar sem dvelja á hótélum og gistiheimilum, svefnpokagististöðum og á tjaldstæðum lengdu dvöl sína að meðaltali um 0,1 nótt á árinu 2004. Meðal-

dvalarlengd útlendinga var óbreytt nema í orlofshúsabygðum, þar sem hún fór úr 1,9 nótt í 2 (sjá töflur 6 og 7).

Hótel og gistiheimili

7,3% fjölgun gistinátta

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 7,3% milli ára 2003 og 2004. Gistinætur voru 1.468.505 á árinu 2004 og fjölgaði því um tæp 100 þúsund milli ára. Gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 8,1% milli ára og gistinóttum útlendinga um 7,1%. Á þessum tíma hefur gistirými einnig aukist, herbergjum fjölgaði um 2,2% og rúmum um 3,7%. Gistinóttum á landsbyggðinni fjölgaði um 6,4% en á höfuðborgarsvæðinu um 8,1%. Gistinætur útlendinga sem hlutfall af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum tímabilið 2003–2004 voru um 65% á landsbyggðinni en 90% á höfuðborgarsvæðinu.

Yfirlit 3. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2004

Summary 3. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2004

	Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
Alls Total	1.468.505	322.696	1.145.809
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	763.499	75.537	687.962
Suðurnes <i>Southwest</i>	46.291	16.382	29.909
Vesturland <i>West</i>	83.177	30.665	52.512
Vestfirðir <i>Vestfjords</i>	35.088	21.114	13.974
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	34.907	14.376	20.531
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	165.250	53.280	111.970
Austurland <i>East</i>	127.357	36.405	90.952
Suðurland <i>South</i>	212.936	74.937	137.999


Aukning á öllum landsvæðum

Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2004 voru flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu, eða 52%. Af landsbyggðinni átti Suðurland stærstu hlutdeildina, 14,5% og þar á eftir Norðurland eystra með 11,3% hlutdeild árið 2004. Frá árinu 2003 til ársins 2004 fjölgaði gistinóttum á öllum landsvæðum. Gistinóttum á Suðurnesjum fjölgaði mest hlutfallslega, eða um 12,4%. Þá fjölgaði gistinóttum á Vestfjörðum um 12,2%, á höfuðborgarsvæðinu um 8,1% og á Norðurlandi vestra um 8%. Á þessum tíma nam aukningin 7,5% á Austurlandi, 7,2% á Vesturlandi, 7,1% á Suðurlandi og 1,4% á Norðurlandi eystra. (sjá töflu 8). Á hótélum og gistiheimilum hefur hlutfall gistinátta útlendinga farið vaxandi með árunum og teljast nú gistinætur útlendinga vera 78% gistinátta í þessum flokki (sjá töflu 9).


Betri nýting

Nýting gistirýmis batnaði í öllum mánuðum frá árinu 2003 til 2004 nema í janúar og ágúst. Mest batnaði hún í júlí, en herbergjanýtingin fór úr 69,4% í 74,8% og rúmanýtingin úr 61,5% í 66,5% milli ára. Ef litið er á nýtingu út frá landsvæðum má sjá að nýting batnar í öllum landsvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu. Mest batnar hún á Austurlandi, en nýting herbergja þar fór úr 37,0% í 43,3% og nýting rúma úr 31,2% í 35,1% milli ára (sjá töflu 10 og 11).

Mynd 4. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2004
 Figure 4. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2004




Mynd 5. Fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir þjóðerni 2004
 Figure 5. Overnight stays in hotels and guesthouses by citizenship 2004



Mynd 6. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2004

Figure 6. Available accommodation and overnight stays in hotels and guesthouses by region 2004



Hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 19

Hótél og gistiheimili töldust 300 árið 2004 en voru 281 árið áður og fjölgaði því um 19 gististaði. Á Suðurlandi bættust við sjö gististaðir og á Austurlandi og á Vestfjörðum voru opnaðir fjórir nýir gististaðir á hvoru landsvæði. Á Norðurlandi eystra bættust við tveir gististaðir og einn á Suðurnesjum og Vesturlandi. Herbergjum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um 2,2% milli ára og rúmum um 3,7%.

Heimtur yfir 93%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum reiknað sem hlutfall af gistirými hafa verið um og yfir 93% í hverjum mánuði. Gistirými er þekkt fyrir alla staði sem tilheyra þessum flokki. Nýting gistirýmis og skipting gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því áætlaðar með nokkru öryggi.

Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til þessa hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili starfandi allt árið, sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða upp á lágmarks hótélþjónustu, þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Viðmiðun þessi er samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 288/1987 um veitinga- og gististaði. Undir þennan flokk gistiþjónustu fellur nær öll gistiþjónusta í landinu. Tæplega 70% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

Hótél


Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Árið 1997 var því ákveðið að flokka þá gististaði sérstaklega sem geta kallast hótél svo hægt væri að birta reglulega gistitölur fyrir þennan flokk. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru góðar árið 2004 og með örfáum undantekningum náðust 100% heimtur nánast alla mánuði ársins.

Gistinóttum á hótélum fjölgar um 8,9%

Gistinætur á hótélum árið 2004 voru 968.904 talsins en voru 889.386 árið 2003, sem er 8,9% aukning milli ára. Fjölgunin á bæði við um gistinætur Íslendinga

(11,7%) og útlendinga (8,3%). Gistinóttum á hótélum fjölgaði á öllum landsvæðum, nema á Norðurlandi vestra og eystra þar sem þeim fækkaði um 0,7%. Mest var aukningin á Austurlandi, eða um 22,1%. Á Suðurnesjum, Vesturlandi og Vestfjörðum nam aukningin 10,2%, á höfuðborgarsvæðinu 9,4% og á Suðurlandi 8,5%. Á þessum tíma fjölgaði hótélum um 6,1% á landsvísu. Herbergjafjöldi jókst um 3,1% og rúmafjöldi um 3,8% milli ára (sjá töflu 13).

Mynd 7. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á hótélum eftir landsvæðum 2004
Figure 7. Available accommodation and overnight stays in hotels by region 2004



Heimagististaðir

Heimtur gistiskýrslna frá heimagististöðum voru ágætar árið 2004. Með talsverðum eftirgangsmunum við forsvarsmenn heimagististaða náðist að innheimta gistiskýrslur frá um 80% staða. Gistirými er alls staðar þekkt og því hefur nýting verið áætluð fyrir þá staði sem ekki hafa skilað skýrslum.

17,9% fjölgun gistinátta á heimagististöðum


Af öllum tegundum gististaða hefur fjölgun gistinátta orðið hlutfallslega mest á heimagististöðum, bæði hvað varðar gistirými og gistináttafjölda. Heimagististöðum fjölgaði um níu milli árána 2003 og 2004, fór úr 106 í 115. Á sama tíma fjölgaði gistinóttum á heimagististöðum úr 40.368 árið 2003 í 47.587 árið 2004. Gistinóttum fjölgaði á heimagististöðum í öllum landshlutum nema á Austurlandi (-6,3%). Hlutfallslega varð mesta aukningin á höfuðborgarsvæðinu (60,2%) og á Suðurlandi (42,1%) (sjá töflu 14).

Hvernig gististaðir teljast heimagististaðir?

Fram til ársins 1995 var hluti heimagististaða kallaður *bændagististaðir* en var þá skipt í annars vegar hótél eða gistiheimili og hins vegar heimagististaði. Fyrrum bændagististaðir, sem voru árið 1995 með fleiri en 8 herbergi og/eða fleiri en 16 rúm, flokkast nú sem hótél eða gistiheimili, hinir minni sem heimagististaðir. Til heimagististaða telst öll gisting á einkaheimilum hvort sem er í kaupstöðum eða á sveitabýlum. Bændur eru ósjaldan með eitt til tvö sumarhús að auki og þar sem erfitt hefur reynst að fá þessa gistingu nákvæmlega sundurliðaða frá hinni hefðbundnu heimagistingu er sú gisting talin með heimagistingunni. Leigi bændur sumarhús sín út til stéttar- eða starfsmannafélaga er sú gisting ekki meðtalin hér. Ef um er að ræða þrjú eða fleiri sumarhús eða smáhýsi flokkast gististaðurinn með orlofshúsabyggðum.

Mynd 8. Gistinætur á heimagististöðum eftir landsvæðum 2004

Figure 8. Overnight stays in private-home accommodation by region 2004



Orlofshúsabyggðir

Samdráttur í orlofshúsabyggðum


Orlofshúsabyggðir voru 28 talsins árið 2004, eða einni færri en árið 2003. Einungis vantaði gistiskýrslur frá einni orlofshúsabyggð árið 2004, sem gerir 92% heimtur ef miðað er við gistirými. Gistinætur voru 60.268 árið 2004 en voru 62.494 árið áður sem er 3,6% samdráttur milli ára. Þá fækkaði gistinóttum Íslendinga um 15,2% meðan gistinóttum útlendinga fjölgaði um 13,2%. Gistinóttum fækkaði á öllum landsvæðum nema á Austurlandi og Suðurlandi en þar fjölgaði gistinóttum um 8,4% milli ára. Hluttur Íslendinga í gistináttafjölda í orlofshúsabyggðum hefur farið minnkandi undanfárin ár og fór úr 60% árið 2003 í 53% árið 2004. Nú er svo komið að útlendingar eru í meirihluta á Austurlandi og Suðurlandi, eða um 56% en annars staðar á landinu er hlutfall Íslendinga enn hærra, eða á bilinu 62–67% (sjá töflu 15).

Hvað er orlofshúsabyggð?

Orlofshúsabyggð er sumarhúsa- eða smáhýsahverfi með a.m.k. þremur húsum. Umfang orlofshúsagistingar er mun meira en heimagistingar í þeim tilvikum þegar þessar tvær tegundir gistingar eru reknar samhliða. Hér er einungis átt við sumarhús sem leigð eru út í hagnaðarskyni, ekki t.d. sumarhús stéttar- og starfsmannafélaga. Ekki er auðvelt fyrir gististaðaeigendur að fylgjast nákvæmlega með fjölda gesta í sumarhúsunum. Oftast er hægt að fylgjast með fjölda gesta þegar útlendingar eiga í hlut en það er erfðara með Íslendinga. Umsjónarmönnum hefur því verið bent á að þegar tala gesta er mjög á reiki þá sé tekið mið af skráðu gistirými hússins. Gistinætur í húsi með gistirými fyrir fjóra í eina nótt teljast því fjórar. Þess má geta að gistináttatalning Hagstofunnar nær **ekki** til orlofshúsa fyrirtækja og félagasamtaka.

Mynd 9. Gistinætur í orlofshúsabyggðum eftir landsvæðum 2004

Figure 9. Overnight stays in holiday centres by region 2004



Farfuglaheimili

6,9% fjölgun gistinátta á farfuglaheimilum

Gistinætur á farfuglaheimilum voru 92.336 árið 2004 sem er 6,9% aukning milli ára en gistinæturnar voru 86.350 árið á undan. Stærstur hluti gistinátta á farfuglaheimilum hefur ævinlega verið vegna útlendinga og svo var einnig árið 2004 eða 90%. Gistinóttum á farfuglaheimilum fjölgaði á öllum landsvæðum nema Suðurlandi (-0,3%) en á sama tíma dróst þar gistirýmisaman um 15,8% þegar rúmunum fækkaði um 33.

Sökum fæðar farfuglaheimila eru birtar niðurstöður fyrir höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland og Vestfirði í heild sem eitt svæði, en þar varð jafnframt mesta fjölgun gistinátta eða 11,8% (sjá töflu 16).

Gistirými svipað milli ára


Farfuglaheimili voru 23 á landinu árið 2004 eða einu færri en árið á undan. Rúmunum fjölgaði þó um 4,4%, úr 856 árið 2003 í 894 árið 2004. Þess má geta að þar sem gistirýmið jókst fjölgaði gistinóttum og þar sem gistirýmið dróst saman fækkaði þeim. Hagstofunni bárust upplýsingar um gistinætur frá öllum farfuglaheimilum nema einu og eru heimturnar tæplega 96% ef miðað er við gistirými.

Hvað eru farfuglaheimili?

Farfuglaheimili bjóða upp á gistingu í rúmunum með sæng og kotta en gestir þurfa að hafa með sér sængurföt eða leigja þau á staðnum. Gestir geta einnig notað eigin svefnpoka. Öll farfuglaheimili eru í Bandalagi íslenskra farfugla sem á aðild að Alþjóðasamtökum farfugla (IYHF).

Mynd 10. Gistinætur á farfuglaheimilum eftir landsvæðum 2004

Figure 10. Overnight stays in youth hostels by region 2004



Svefnpokagististaðir

Gistinóttum fjölgað um 12,2%

Gistinætur á svefnpokagististöðum voru 31.533 árið 2004 og fjölgaði um 12,2% milli ára en gistinætur voru 28.113 árið 2003. Aukning var á öllum landsvæðum nema á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi (-18,6%) en þar fækkaði um þrjú gististaði. Hlutfallslega var mesta aukningin á Norðurlandi vestra þar sem hún nam 93,2%. Á Suðurlandi fjölgaði gistinóttum um 23,8%, á Vestfjörðum um 15,2% og á Norðurlandi eystra um 5,9%. Á Austurlandi nam aukningin 3,6% þrátt fyrir að þar fækkaði um einn gististað (sjá töflu 17).

Íslendingum fjölgað


Gistinóttum útlendinga fjölgaði um 24,1% milli árána 2003 og 2004 en gistinóttum útlendinga um 4,6%. Skráðir svefnpokagististaðir voru 55 árið 2004 eða einum færri en árið 2003. Þar af voru einungis fimm staðir sem engum upplýsingum skiluðu fyrir árið 2004.

Hvaða gististaðir flokkast sem svefnpokagististaðir?

Svefnpokagististaðir geta verið sumarhótel, félagsheimili og skólar sem selja gistingu í svefnpokum á gólföldum í stórum vistarverum. Ýmis gistiheimili bjóða upp á svefnpokagistingu í rúmunum en sú gisting telst með gistingu í uppþúnum rúmunum gistiheimilanna. Víða er boðið upp á svefnpokagistingu í tengslum við niðjamót, skólaferðalög og íþróttamót. Þegar um niðjamót er að ræða er gjaldtaka sjaldnast í beinum tengslum við fjölda gesta heldur eru húsin/salirnir leigðir út gegn föstu gjaldi og geta gestir þá valið um hvort þeir gista inni eða í tjaldi. Í þessum tilvikum hefur verið gefinn upp fjöldi gesta á mótinu þannig að tjaldgisting í tengslum við ættarmót er innifalin í svefnpokagistingunni, eða öfugt. Þetta á sérstaklega við um Suðurland þar sem mikið er um ættarsamkomur. Mikilvægt er að hafa í huga að gistináttatalningin nær einungis til gistingar þar sem greiðsla er krafist. Gisting skólabarna í skólum og íþróttahúsum yfir veturinn fellur því sjaldan undir svefnpokagistingu.

Mynd 11. Gistinætur á svefnpokagististöðum eftir landsvæðum 2004

Figure 11. Overnight stays in sleeping-bag facilities by region 2004



Tjaldsvæði

Gistinóttum fjölgað en tjaldsvæðum fækkað


Gistinætur á tjaldsvæðum á landinu voru 378.148 árið 2004 en voru 341.968 árið 2003 sem er 10,6% aukning. Fjölgun gistinátta á tjaldsvæðum er bæði vegna Íslendinga (12,0%) og útlendinga (7,6%). Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði á Norðurlandi vestra (35,2%), Norðurlandi eystra (20,6%) og á Vesturlandi (17,4%). Þá fjölgaði gistinóttum á Vestfirðum um 8,2% og á Suðurlandi um 1,4%. Gistinóttum fækkaði á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum (-1,9%) og á Austurlandi (-0,1%). Tjaldsvæði voru 130 talsins árið 2004 og fækkaði því um fimm milli ára. Þeim fækkaði í öllum landsvæðum nema á Suðurlandi og Norðurlandi vestra. (sjá töflu 17).

Langflest tjaldsvæði skila inn gistiskýrslum

Heimtur gistiskýrslna frá tjaldsvæðum árið 2004 voru viðunandi, af 130 tjaldsvæðum voru 15 staðir sem skiluðu engum upplýsingum. Til þessa flokks gististaða teljast öll þau tjaldsvæði sem taka gjald fyrir gistingu.

Mynd 12. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2004

Figure 12. Overnight stays in camping sites by region 2004



Skálar í óbyggðum

Skýrslur bárust frá nærri öllum skálum

Skálar í óbyggðum voru 37 árið 2004 eða þremur fleiri en árið 2003 og bárust Hagstofunni skýrslur frá öllum nema einum. Af þessum 37 skálum voru 19 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast þeir gistiskálar sem taka gjald fyrir gistingu.

Gistinóttum fækkar um 2,1%


Gistinóttum í skálum í óbyggðum fækkaði um 2,1% milli ára, fóru úr 56.427 árið 2003 í 55.253 árið 2004. Gistinóttum Íslendinga fækkaði um 3,2% en útlendinga um 0,9%. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálar landsins eru staðsettir, nam samdrátturinn alls 2,5%.

Samdráttur í fjölda gistinátta í óbyggðum

Gistinætur í óbyggðum (þ.e. bæði skálar og tjaldsvæði) voru 90.319 árið 2004 en 97.129 árið 2003, sem er 7,0% samdráttur. Gistiskýrslur bárust Hagstofunni frá öllum gististöðum í óbyggðum nema tveimur (bæði tjaldsvæðum og skálum) (sjá töflu 18).

Mynd 13. Gistinætur í skálum og tjaldsvæðum í óbyggðum 2003–2004

Figure 13. Overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2003–2004




English summary

The total number of overnight stays was 2,133,630 in the year 2004, which is a 7.5% increase from the year 2003. From 2003 to 2004 the number of overnight stays increased by 7.3% in hotels and guesthouses, 17.9% in private-home accommodation, 12.2% in sleeping-bag accommodation, 10.6% in camping sites and 6.9% in youth hostels. At the same time the number of overnight stays decreased by 3.6% in holiday centres and 2.1% in lodges in wilderness. In 2004 the response rate was excellent. Statistics Iceland received data from over 93% of hotels and guesthouses and over 80% from other types of accommodation establishments. This issue discusses accommodation statistics in Iceland for the year 2004. Results are presented by overnight stays, arrivals, average length of stay and occupancy rates by different types of accommodation establishments. They are shown according to season, region and citizenship of guests and presented in tables, figures and summaries.

Svæðaskipting í skýrslunni

Regional division in this report



Tafla 1. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á öllum tegundum gististaða eftir landsvæðum 2003–2004
Table 1. Available accommodation and overnight stays in all types of acc. establishments by region 2003–2004

	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
2003	665	1.984.448	607.660	1.376.788
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	88	770.281	70.300	699.981
Suðurnes <i>Southwest</i>	11	46.429	13.467	32.962
Vesturland <i>West</i>	74	137.818	71.428	66.390
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	73	67.362	50.102	17.260
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	59	69.053	34.717	34.336
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	111	312.329	134.912	177.417
Austurland <i>East</i>	89	197.659	66.261	131.398
Suðurland <i>South</i>	160	383.517	166.473	217.044
2004	686	2.133.630	654.782	1.478.848
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	90	830.518	77.987	752.531
Suðurnes <i>Southwest</i>	10	54.537	17.254	37.283
Vesturland <i>West</i>	73	153.070	78.799	74.271
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	75	70.041	49.891	20.150
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	59	80.009	41.510	38.499
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	111	335.076	148.139	186.937
Austurland <i>East</i>	93	205.831	69.125	136.706
Suðurland <i>South</i>	175	404.548	172.077	232.471
Hlutfallsleg breyting milli 2003 og 2004, % <i>Change between 2003 and 2004, %</i>	3,2	7,5	7,8	7,4
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	2,3	7,8	10,9	7,5
Suðurnes <i>Southwest</i>	-9,1	17,5	28,1	13,1
Vesturland <i>West</i>	-1,4	11,1	10,3	11,9
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	2,7	4,0	-0,4	16,7
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	0,0	15,9	19,6	12,1
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	0,0	7,3	9,8	5,4
Austurland <i>East</i>	4,5	4,1	4,3	4,0
Suðurland <i>South</i>	9,4	5,5	3,4	7,1

Tafla 2. Fjöldi gistinátta eftir tegund gististaða 2001–2004

Table 2. Number of overnight stays by type of accommodation 2001–2004

	Gistinætur <i>Overnight stays</i>				Hlutf. breyting milli ára, % <i>Change between years</i>	
	2001	2002	2003	2004	2003–2004	2001–2004
Allar tegundir gististaða						
<i>All types of accommodation</i>	1.744.488	1.860.685	1.984.448	2.133.630	7,5	22,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	560.274	604.167	607.660	654.782	7,8	16,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.184.214	1.256.518	1.376.788	1.478.848	7,4	24,9
Hótel og gistiheimili						
<i>Hotels and guesthouses</i>	1.182.685	1.260.501	1.368.728	1.468.505	7,3	24,2
Íslendingar <i>Icelanders</i>	275.124	290.245	298.662	322.696	8,1	17,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	907.561	970.256	1.070.066	1.145.809	7,1	26,3
Heimagististaðir						
<i>Private-home accommodation</i>	55.206	41.838	40.368	47.587	17,9	-13,8
Íslendingar <i>Icelanders</i>	21.603	19.555	16.979	18.117	6,7	-16,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	33.603	22.283	23.389	29.470	26,0	-12,3
Orlofshúsabyggðir						
<i>Holiday centres</i>	38.815	62.207	62.494	60.268	-3,6	55,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	24.505	39.208	37.385	31.712	-15,2	29,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	14.310	22.999	25.109	28.556	13,7	99,6
Farfuglaheimili						
<i>Youth hostels</i>	66.707	80.318	86.350	92.336	6,9	38,4
Íslendingar <i>Icelanders</i>	8.175	8.598	8.936	8.808	-1,4	7,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	58.532	71.720	77.414	83.528	7,9	42,7
Svefnpokagististaðir						
<i>Sleeping-bag facilities</i>	26.161	22.426	28.113	31.533	12,2	20,5
Íslendingar <i>Icelanders</i>	10.923	11.703	10.935	13.565	24,1	24,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	15.238	10.723	17.178	17.968	4,6	17,9
Tjaldsvæði						
<i>Camping sites</i>	319.784	342.440	341.968	378.148	10,6	18,3
Íslendingar <i>Icelanders</i>	196.474	208.857	206.326	232.368	12,6	18,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	123.310	133.583	135.642	145.780	7,5	18,2
Skálar í óbyggðum						
<i>Lodges in the wilderness</i>	55.130	50.955	56.427	55.253	-2,1	0,2
Íslendingar <i>Icelanders</i>	23.470	26.001	28.437	27.516	-3,2	17,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	31.660	24.954	27.990	27.737	-0,9	-12,4

Tafla 3. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2001–2004

Table 3. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2001–2004

	2001	2002	2003	2004	Hlutf. breyting milli ára, % Change between years	
					2003–2004	2001–2004
Heildarfjöldi gistinátta						
Total number of overnight stays	1.744.488	1.860.685	1.984.448	2.133.630	7,5	22,3
Íslendingar <i>Iceland</i>	560.274	604.167	607.660	654.782	7,8	16,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.184.214	1.256.518	1.376.788	1.478.848	7,4	24,9
Danmörk <i>Denmark</i>	62.489	77.188	81.102	92.068	13,5	47,3
Svíþjóð <i>Sweden</i>	72.784	75.901	78.549	86.934	10,7	19,4
Noregur <i>Norway</i>	62.417	66.894	73.613	78.520	6,7	25,8
Finnland <i>Finland</i>	19.740	22.024	20.937	22.885	9,3	15,9
Bretland <i>U.K.</i>	171.582	175.374	195.077	209.254	7,3	22,0
Írland <i>Ireland</i>	6.915	5.383	7.047	8.752	24,2	26,6
Þýskaland <i>Germany</i>	247.963	243.497	262.218	271.919	3,7	9,7
Holland <i>Netherlands</i>	58.241	63.211	70.568	66.691	-5,5	14,5
Belgía <i>Belgium</i>	16.105	14.500	13.904	17.665	27,1	9,7
Frakkland <i>France</i>	90.494	122.090	127.889	131.787	3,1	45,6
Sviss <i>Switzerland</i>	32.664	40.046	46.114	55.302	19,9	69,3
Austurríki <i>Austria</i>	15.319	18.236	19.473	22.827	17,2	49,0
Ítalía <i>Italy</i>	50.434	54.202	63.007	65.094	3,3	29,1
Spánn <i>Spain</i>	21.225	24.337	31.809	37.844	19,0	78,3
Önnur Evrópulönd <i>Other Eur. Countries</i>	30.441	35.623	38.899	62.586	60,9	105,6
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	137.140	131.086	127.686	136.569	7,0	-0,4
Kanada <i>Canada</i>	12.669	12.653	15.782	14.113	-10,6	11,4
Japan <i>Japan</i>	11.777	13.072	16.746	18.639	11,3	58,3
Lönd áður ótalin <i>Other countries</i>	63.815	61.201	86.368	79.399	-8,1	24,4
Heildarfjöldi gestakoma						
Total number of arrivals	1.043.905	1.090.719	1.167.389	1.248.108	6,9	19,6
Íslendingar <i>Iceland</i>	371.749	386.086	396.066	411.878	4,0	10,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	672.156	704.633	771.323	836.230	8,4	24,4
Danmörk <i>Denmark</i>	32.033	40.126	41.588	49.242	18,4	53,7
Svíþjóð <i>Sweden</i>	32.531	32.285	34.357	37.779	10,0	16,1
Noregur <i>Norway</i>	26.233	28.701	32.589	34.230	5,0	30,5
Finnland <i>Finland</i>	8.480	8.613	7.536	9.624	27,7	13,5
Bretland <i>U.K.</i>	76.524	79.646	89.621	98.489	9,9	28,7
Írland <i>Ireland</i>	4.085	2.826	3.178	3.917	23,3	-4,1
Þýskaland <i>Germany</i>	158.673	149.202	159.712	164.304	2,9	3,6
Holland <i>Netherlands</i>	36.095	38.943	41.855	42.117	0,6	16,7
Belgía <i>Belgium</i>	10.820	9.044	8.974	11.049	23,1	2,1
Frakkland <i>France</i>	65.612	88.279	90.536	94.817	4,7	44,5
Sviss <i>Switzerland</i>	21.258	26.142	28.569	35.354	23,8	66,3
Austurríki <i>Austria</i>	11.450	12.048	13.243	15.770	19,1	37,7
Ítalía <i>Italy</i>	38.679	41.385	48.324	49.425	2,3	27,8
Spánn <i>Spain</i>	15.439	16.886	22.163	27.203	22,7	76,2
Önnur Evrópulönd <i>Other Eur. Countries</i>	15.397	19.189	20.517	33.260	62,1	116,0
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	67.986	63.529	65.088	68.002	4,5	0,0
Kanada <i>Canada</i>	6.412	5.813	7.086	6.855	-3,3	6,9
Japan <i>Japan</i>	6.734	7.048	9.013	10.520	16,7	56,2
Lönd áður ótalin <i>Other countries</i>	37.715	34.928	47.374	44.273	-6,6	17,4

